

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2017

Efni: Beiðni um starfsleyfi með undanþágu fyrir urðunarstað við Bakkafjörð

Inngangur

Með erindi þessu er f.h. umbj. míns, Langesbyggðar (hér eftir „sveitarfélagið“ eða „Langanesbyggð“), farið þess á leit að sveitarfélaginu verði veitt starfsleyfi með undanþágu frá 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 fyrir urðunarstað við Bakkafjörð.

Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal móttökustaður fyrir úrgang hafa gilt starfsleyfi. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis er það Umhverfisstofnun sem veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði úrgangs. Í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs er síðan að finna nánari útfærslu á skilyrðum sem förgunarstaðir þurfa að fullnægja og upplýsingar um umsókn og veitingu starfsleyfa.

Í 12. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um staðarval urðunarstaða. Þar segir m.a. að við staðsetningu urðunarstaða skuli taka mið af þeim kröfum sem fram koma í I. viðauka. Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegundum, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað.

Vilji umbj. míns, Langesbyggðar, stendur til að fara að nýju að nýta, tímabundið, eldra urðunarsvæði sveitarfélagsins. Neðri mörk svæðisins samkvæmt gildandi deiliskipulagi kunna að vera örlítið innan þeirra 500 metra lágmarks sem mælt er fyrir um í framangreindu ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessu atriði og eins fyrir því á hvaða forsendum, telji Umhverfisstofna að svæðið sé í raun innan 500 metra markanna, Umhverfisstofna eigi í starfsleyfi að víkja frá mörkunum.

Forsaga

Rétt er að gera í mjög grófum dráttum grein fyrir þróun sorpmála Langesbyggðar síðastliðna áratugi. Sorpurðunarstaður hefur verið við Bakkafjörð í um 20 ár. Fyrsta starfsleyfið fyrir urðunarsvæðið var gefið út þann 5. september 2002. Leyfið gildi fyrir meðhöndlun á úrgangi frá Skeggjastaðahreppi og nánasta umhverfi og gildi til 10 ára. Árið 2006 sameinuðust Skeggjastaðahreppur og Þórshafnarhreppur í sveitarfélagið Langesbyggð og eftir að urðunarsvæði við Þórshöfn var lokað var urðunarsvæðið nýtt fyrir Langesbyggð í heild sinni. Þegar framangreint starfsleyfi rann út þann 5. september 2012 sótti Langesbyggð um undanþágu til tímabundinnar áframhaldandi notkunar á

urðunarsvæðinu við Bakkafjörð. Samhliða var Skipulagsstofnun kynnt framkvæmd fyrir urðunarsvæði við Bakkafjörð sem komst að þeirri niðurstöðu að urðunarsvæði við Bakkafjörð væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Var sú ákvörðun kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem með úrskurði sínum nr. 20/2013 frá 29. janúar 2016 hafnaði kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Sveitarfélaginu var hins vegar ekki veitt tímabundin undanþága til áframhaldandi notkunar á urðunarsvæðinu við Bakkafjörð þar sem hvorki var í gildi aðal- né deiliskipulag fyrir urðunarsvæðið innan sameinaðs sveitarfélags en urðunarsvæðið var skilgreint á aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024. Var svæðinu því lokað. Allt frá þeim tíma hefur öllu sorpi sem fellur til í sveitarfélaginu verið ekið á Vopnafjörð og sveitarfélagið greitt fyrir urðun þar. Nú liggur fyrir að urðunarsvæði Vopnafjarðar er hætt að taka við frekara sorpi frá Langanesbyggð frá og með 1. júlí sl. þar sem svæðið getur ekki haldið áfram að taka við úrgangi í sama mæli og hefur verið. Það liggur því fyrir að Langanesbyggð þarf að fara að urða aftur innan sveitarfélagsins og til þess að geta sinnt því hlutverki stendur vilji sveitarfélagsins til að opna tímabundið aftur gamla urðunarsvæðið við Bakkafjörð, samanber ákvæði deiliskipulagsins og bókun sveitarstjórnar þar um.

Lýsing á staðsetningu fyrirhugaðrar móttökustöðvar

Svæðið sem um ræðir er 3,75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði sem er samkvæmt staðfestu deiliskipulagi, sem er í samræmi við gildandi staðfest aðalskipulag Langanesbyggðar, skráð undir áframhaldandi urðunar-, námu- og geymslusvæði. Líkt og rakið hefur verið hafa umsagnaraðilar ekki talið hættu á umhverfis- eða heilsufarslegum afleiðingum af rekstri urðunarsvæðisins.

Umbj. mínum er fyllilega ljóst að skv. fyrirmælum laga er gerður áskilnaður um að fyrirhuguð móttökustöð sé í a.m.k. 500 metra fjarlægð frá næsta íbúðarhverfi o.fl. Mælingar út frá deiliskipulagi gefa þó til kynna að sá munur kunnir að vera lítillega minni en það og að suðvestur horn svæðisins sé rétt tæplega í 500 metra fjarlægð frá næsta íbúðarhúsi.

Munurinn er óverulegur og það kann að vera að hann felist í raun aðeins í ónákvæmni deiliskipulagsins. Þannig er mál með vexti að deiliskipulag svæðisins er unnið á nokkurra ára tímabili á grundvelli fyrirbyggjandi grunngagna sem eru því miður nokkuð komin til ára sinna. Því kann að vera um einhverja mæli ónákvæmni að ræða. Einnig ber að benda á að mörk svæðisins í deiliskipulaginu eru sett í samræmi við þáverandi og núverandi fyrirbyggjandi staðhætti þ.m.t aðkomuveg, hlið og girðingar.

Hvort sem mörk skipulagssvæðisins eru rétt inn fyrir eða út fyrir þessa 500 metra sem lög kveða á um miðað við afmörkun deiliskipulags þá stendur í öllu falli ekki til að nýta suðvestur horn svæðisins. Það svæði hefur fram til þessa ekki verið nýtt til urðunar og það stendur ekki til að breyta því. Öll vinnsla á svæðinu mun því alltaf fara fram í fjarlægð sem er vel rúmlega umfram hið lögmælt lágmark um 500 metra. Á núverandi skipulagssvæði hefur verið unnið efst á svæðinu, fjærst allri byggð. Gert er ráð fyrir að unnið verði áfram í framhaldi af því svæði sem notað var áður en eldra starfsleyfi rann úr gildi. Sveitarfélagið mun ábyrgjast að unnið verði í samræmi við það og gætt tryggilega að mörk um lámarks fjarlægðir séu virt.

Það liggur fyrir að deiliskipulagið sýnir hámarkssvæði sem nýta má en ef umbj. minn fengi starfsleyfi sem yrði afmarkað við minna svæði þá myndi slík afmörkun eðli máls samkvæmt vera lögð til grundvallar. Ætlun umbj. míns er því alltaf að afmarka urðunarsvæðið með skýrum og afdráttarlausum hætti utan við hina títtnefndu 500 metra frá næstu íbúðarhúsum. Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir að gróðurmon verði sett á útjaðar svæðisins og mun hún þannig staðsett að hún marki tilgreind fjarlægðar lágmark.

Ríkar ástæður mæla með því að urðunarstaðurinn verði samþykktur

Ef Umhverfisstofnun telur að skilyrði um 500 metra sé ekki fullnægt þá telur umbj. minn að ríkar ástæður séu fyrir hendi sem mæli með því að vikið verði frá hinum margnefndu 500 metra mörkum.

Í fyrsta lagi er um að ræða tímabundna lausn á vanda sem upp er kominn. Líkt og framan getur hefur umbj. minn verið að fara með úrgang til urðunar til Vopnafjarðar en frá og með 1. júlí sl. hefur verið lokað fyrir þann möguleika til urðunar. Vegna þessa er umbj. mínum nauðsynlegt að finna lausn á sorpmálum sveitarfélagsins án tafa. Við skoðun á mögulegum urðunarstöðum var það strax metinn vænlegasti kosturinn að fara að nýta á nýjan leik eldri urðunarstað sveitarfélagsins við Bakkafjörð. Bæði felur sá kostur í sér minnsta röskun og mögulegt er að leysa vandan án þess að það þurfi að eyða miklum tíma og fjármunum í útfærslu lausnar. Það stendur þó til að finna betri og varanlegri lausn á sorpvanda sveitarfélagsins.

Samkvæmt ákvæðum deiliskipulagsins og bókun sveitarstjórnar þar um mun sveitarfélagið leita annara valkosta í urðun á næstu árum. Miðað er við að skilgreina annað svæði sem henti sveitarfélaginu til lengri framtíðar og mæti þeim væntingum um atvinnuuppbyggingu á svæðinu sem eru í vinnslu. Í staðfestu deiliskipulagi segir nú m.a.:

„Þrátt fyrir að deiliskipulagið sé ótímabundið, og Langanesbyggð muni á grundvelli skipulagsins sækja um hefðbundið starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn til 16 ára, er það skýr sameiginleg stefna sveitarfélagsins og íbúa á Bakkafirði að urðunarsvæðinu við Bakkafjörð verði lokað um leið og aðrar leiðir til meðhöndlunar og/eða urðunar sorps sveitarfélagsins verði færar, sem stefnt er að verði innan 7 - 10 ára.“

Í annan stað má nefna að samkvæmt umsókn um starfsleyfi er óskað eftir að urða um 200 tonn á ári. Fram kemur að heildar urðunargeta svæðisins sé a.m.k. 3.200 tonn. Svæðið er því nægilega stórt til að það muni geta um fyrirsjáanlega framtíð uppfyllt allar urðunarþarfir eins og skipulagið og starfsleyfið heimilar tryggilega. Sú vinnsla mun, líkt og rakið hefur verið hér að framan, alltaf fara fram í fjarlægð sem er umfram hið lögmaelta lágmark um 500 metra frá byggð.

Í þriðja lagi má nefna að umbj. minn stefnir á að vinna markvisst í því að þróa og vinna betri lausnir í sorpmálum. Til þess hefur m.a. verið lagt upp ákveðið aðgerðarplan en sem fyrr getur þarf þó að brúa bilið þar til þær lausnir liggja fyrir með tímabundinni lausn.

Til marks um vilja umbj. míns til að marka sér skýrari stefnu í sorp- og urðunarmálum má nefna að sveitarstjórn umbj. míns samþykkti eftirfarandi bókun á fundi þann 11. desember 2014;

„Stefnt er að því að ekki verði urðað á deiliskipulögðum urðunarstað á Bakkafirði lengur en í 7-10 ár.

Vegna urðunar verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir:

Farið verði í öflugt kynningarátak í sorpflokkun og skýrari reglur settar um flokkun.

Starfshópur skipaður af sveitarstjórn og hlutverk hans er að koma með útfærðar hugmyndir að lausnum í sorpurðun.

- a. Starfshópurinn skili af sér stöðuskýrslu innan 4 mánaða þar sem farið væri yfir þá kosti sem hópurinn sér fýsilega í málaflokknum.
- b. Starfshópurinn skili sveitarstjórn skýrslu ca. 5 mánuðum seinna hvar fram kæmu þrjár leiðir sem starfshópurinn teldi að gagnaðist samfélaginu í Langanesbyggð best.
- c. Í framhaldi af því fæli sveitarstjórn starfshópnum að vinna málið lengra eða tæki við málinu og veldi lausn.
- d. Starfshópurinn fengi ákveðna heimild til að leita sér sérfræðiaðstoðar, allt þó í nánú samstarfi við sveitarstjóra, sem bæri fjárhagslega ábyrgð á vinnu starfshópsins.“

Í fjórða lagi má nefna að það stendur til að setja skjólbelti, mön og girðingu utan um urðunarsvæðið þannig að íbúar í byggðinni sem stendur næst svæðinu ættu ekki að verða varir við tilvist þess. Á síðari stigum mun gróðursetning gera það að verkum að mönin mun ekki vera sýnileg. Hvers kyns óþægindi sem kunna að stafa af því að farið verði að nýta gamla urðunarsvæðið á nýjan leik ættu því í öllu falli að vera afar óveruleg.

Samantekt


Helstu gögn er lúta að beiðni þessari hafa þegar verið send Umhverfisstofnun vegna beiðnar umbj. míns um starfsleyfi. Umb. minn lætur því nægja að sinni að vísa til fyrirliggjandi gagna en lætur þó fylgja þessu erindi eitt nýtt fylgiskjal sem er teikning af tilvonandi framkvæmdasvæði undir urðun. Eins og sú teikning ber með sér hafa mörk urðunarsvæðis verið færð út fyrir hina títtnefndu 500 metra.

Umbj. minn er síðan reiðubúinn að veita frekari upplýsingar og skýringar sé þeirra óskað.

Í ljósi aðstæðna, Langanesbyggðar, er það einlæg von Langanesbyggðar að sveitarfélaginu verði veitt starfsleyfi fyrir förgunarstöð á svæðinu við Bakkafjörð, með undanþágu ef þess þykir þörf.

Með von um skjót og góð viðbrögð.

Virðingarfyllst,
f.h. Langanesbyggðar


Elín Hrefna Ólafsdóttir, hdl.

Fylgiskjal: Teikning af tilvonandi framkvæmdasvæði undir urðun